

1867.

skurð á það, fyr en vèr einnig með næstu ferð höfum fengið álit yðar útaf skjali því, er hingað hefir borizt síðan og fylgir 9. nóvember. bréfi þessu, þar sem Klentz timburmeistari, er áður hefir sókt um að fá endurgoldinn skaða þann, er hann hefir haft af að byggja bókahúsið, sendir stjórnarráðinu tvö vottorð, sem einnig fylgja í staðfestu eptirriti með bréfi þessu, um þann hluta skaðans, sem leiðir af að hann tók við grjóti því, er Sverrir Runólfsson, steinhöggvari, hafði lagt til.

60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 12. nóvember.
 yfir Íslandi, um skilning á tilskipuninni um vegina
 á Íslandi 15. marzmán. 1861.

Í bréfi dagsettu 9. októbermán. f. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá ástandi veganna í suðuramtinu, og um leið vikið á ýmsa galla, er yður virðast vera á ákvörðununum í vegatilskipuninni 15. marzmán. 1861, er lúta að því að koma á nýtilegum þjóðvegum í landinu, og einkum á það, hversu æskilegt það væri, að uppástungurnar um aðgjörð á þjóðveg-unum skuli samdar fyrir hvert amt um sig, en ekki hverja sýslu, og að vegabótagjaldið úr öllum sýslunum skuli renna í sameiginlegan vegabótagjöld, og að amtmönnunum væri leyft að taka fè til láns, til þess að koma þjóðvegunum eins fljótt og verður í það horf, sem tilskipunin ákveður. Hafð þér sèr í lagi tekið fram, að ein sýsla í suðuramtinu, það er að segja Gullbringu- og Kjósarsýsla, sè mjög illa stödd að því er snertir þjóðvegi þá, sem liggja um hana, og að þér fáið ekki sèð, að þessari sýslu muni nokkurntíma takast að koma þjóðvegum sínum í lögboðið horf, nema hún fái aðstoð af vegabótagjaldinu úr hinum sýslunum, en að yður, eptir yðar skilningi á ákvörð-ununum í tilskipuninni frá 1861, virðist ísjárvert að veita slíka hjálp, á meðan ekki er búið að koma öllum þjóðvegunum í hinum sýslunum í það stand, sem lögboðið er.

1867.

12. nóvember.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að eins og þegar er tekið fram í úrskurðum dómsmálastjórnarinnar 28. febrúarmán. og 10. maímán. 1862 veitir 4. grein í tilskipuninni 15. marzmán. 1861 amtmönnunum, hverjum í sínu umdæmi, nægilega heimild til að verja vegabótagjaldinu til að vinna þau verk innan hvers umdæmis um sig, sem álíta má mest áriðandi, án þess að þeir sæu einskorðaðir við að láta þá upphæð, sem kemur úr hverri sýslu um sig, verða henni einni að góðu, og, ef það kæmi fyrir að taka þyrfti fê til láns, eins og þér hafið vikið á, herra stiptamtmaður, þá virðist ekki þörf á að fá sérstaka lagaákvörðun til þess.

14. nóvember.

61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að tveim bændum hafi verið veittur heiðurspeningur.

Útaf bréfum yðar, herra stiptamtmaður, 9. marzmán. og 15. ágústmán. þ. á., hefir hans hátign konunginum þóknazt, samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar 25. f. m., allramildilegast að veita Kristjáni Sigurðssyni frá Hvítárvallakoti í Borgarfjarðarsýslu og Runólfi Sverrissyni, fyrrum hreppstjóra, á Maríubakka í Skaptafellssýslu, heiðurspening þann, sem með konungsúrskurðum 28. febrúarmán. 1829 og 12. júlímán. 1840 er ætlaður handa duglegum Íslendingum sem „æruleun iðni og hygginda.“

Þetta er yður hærmeð kunngjört, herra stiptamtmaður, til þess, að þér tilkynnið hlutaðeigendum það til bráðabirgða, og skal því við bætt, að heiðurspeningarnir skulu sendir yður, undir eins og búið er að slá þá.